

Mál nr. 171/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 31. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 3. maí 2021 hafi M, við störf sín sem vélsmiður eða vélvirki hjá X, verið að hífa stóra málmlötu af rennibekk. Hafi hann þrætt nælonstroffu í gegnum auga á plötunni í þeim tilgangi að hífa plötuna upp á stroffunni með búkrana. Stroffan hafði skyndilega slitnað með þeim afleiðingum að platan féll niður og lenti á M sem hlaut líkamstjón við atvikið. Var lögreglu og Vinnueftirlitinu tilkynnt um slysið og liggja skýrslur þeirra fyrir nefndinni. Í lögregluskýrslu sé því haldið fram af hálfu X að ekki hafi átt að setja stroffuna beint í augað heldur hafi átt að setja millistykki í auga plötunnar og þræða svo stroffuna í millistykkið. Í skýrslu Vinnueftirlitsins komi fram að málmlöturnar sem um ræði séu með tiltölulega skörpum kanti og það að nota hnút eða draga stroffu í gegnum lykkju á sjálfri sér rýri notagildi þeirra og slitinn hlífðarbúnaður geti skapað stórhættu. Þá komi fram kröfur um úrbætur af hálfu X. X hafi þannig verið gert að endurskoða þá þætti skriflegar áætlunar fyrirtækisins um öryggi og heilbrigði sem varði slys M, að fara í gegnum hífingarferilinn og fræða alla starfsmenn sem mögulega komi að hífingum um afleiðingar rangrar beitingar búnaðar eða rangra vinnubragða. Að auki hafi X verið gert að koma sér upp eftirlitsáætlun með hífi- og ásláttarbúnaði með tilliti til ástands og umhirðu hans. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli þess að M hafi verið gert að vinna með vanbúið tæki auk þess sem M, sem tali ekki íslensku og mjög litla ensku, hafi hvorki fengið þjálfun við notkun tækja á vinnustaðnum né öryggisþjálfun. Umrædd stroffa hafi verið slitin og þ.a.l. hættuleg, en samkvæmt upplýsingum M hafi öllum stroffum á vinnustaðnum verið hent eftir slysið. Þá hafi X borið að sjá til þess að starfsmenn væru ekki staddir undir byrði í hífingu. Því er þá mótmælt að tjón M megi rekja til rangs verklags hans sjálfs, hann hafi ekki fengið viðeigandi öryggisþjálfun og einfaldlega sinnt verkinu með þeim hætti sem hann taldi rétt og á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann hafi fengið. Umrædd stroffa hafi verið slitin en slíkt slit sjáist ekki endilega með berum augum þó ljóst sé af ljósmyndum að hún hafi verið gömul og mikið notuð. Til að koma í veg fyrir notkun slitinna stroffa verði að yfirfara hífingarbúnaðinn en það hafi X vanrækt að gera. Jafnvel þó öðru verklagi hefði verið beitt séu því allar líkur á að slysið hefði engu að síður átt sér stað. Kröfum sínum til stuðnings byggir M á nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settum með stoð í þeim.

Í bréfi V kemur fram sú afstaða að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til vanbúnaðar á þeim búnaði sem honum var falið að vinna með eða óviðunandi þjálfunar. Orsök slyssins hafi verið sú að M þræddi stroffuna beint í augað á plötunni en ekki í gegnum hífilás eða millistykki, sem koma eigi fyrir milli stroffunar og þess sem híft er. Hið ranga verklag hafi leitt til þess að platan skarst í stroffuna með þeim afleiðingum að hún slitnaði. Ekki sé hins vegar sýnt fram á vanbúnað. M sé menntaður rennismiður og hafi hann eingöngu starfað sem slíkur hjá X. Hífilásar hafi þá verið aðgengilegir á starfsstöðinni og M áður nýtt þá með réttum hætti við umrætt verk. Í ljósi reynslu og menntunar M megi þá gera ráð fyrir að honum hafi mátt vera ljóst að óvarlegt væri að nota ekki hífilás. Auk þess hafi M fengið leiðsögn frá öðrum starfsmanni X um hvernig standa ætti að umræddu verki. Þá verði ekki séð að skortur á öryggismati vegna þessa verkþáttar hafi leitt til slyssins, en án orsakasambands leiði skortur á á öryggismati ekki einn og sér til þess að bótaskylda teljist til staðar.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að stroffa sem var þrædd í gegnum auga á stálplatta slitnaði

Þegar plattinn var í hífingu sem varð til þess að plattinn féll á gólfið og á M sem varð fyrir líkamstjóni. Í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins er að finna fyrirmæli til X, um að endurskoða skuli áætlun um öryggi og heilbrigði, m.a. áhættumat, vegna þessa verkþáttar, um að fara í gegnum hífingarferilinn og fræða starfsfólk um afleiðingar rangrar beitingar búnaðar eða vinnubragða og um að koma upp eftirlitsáætlun með hífi- og ásláttarbúnaði með tilliti til ástands og umhirðu. Þá segir í skýrslunni að umrædd stykki séu iðulega með skörpum kanti og að það að nota hnút eða lykkja stroffu rýri notagildi hennar og geti skapað hættu. Þrátt fyrir þessar athugasemdir er ekki að fullu ljóst af skýrslunni hvað varð til þess að stroffan gaf sig umrætt sinn og er ekki sýnt fram á að hún hafi í sjálfu sér verið vanbúin. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 18. maí 2021, er haft eftir yfirmanni hjá X að samkvæmt verklagi eigi að nota millistykki eða haus í stroffuna og tengja það í augað á plötunni. Það að stroffan hafi verið sett beint í augað umrætt sinn hafi leitt til þess að augað skarst í hana við hífingu og hún slitnaði með fyrrgreindum afleiðingum. Þá er í lögregluskýrslu að finna ljósmynd af slíkum hausum eða millistykkjum sem virðast því hafa verið aðgengileg á starfsstöðinni. Af heildstæðri skoðun þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður því að telja að ekki sé sýnt fram á annað en að slys M sé að rekja til þess að ekki var farið rétt að við hífinguna umrætt sinn. Hvað varðar mögulegan skort á þjálfun og fræðslu til M verður þá ekki litið framhjá því að ekki liggur annað fyrir en að hann hafi haft menntun og reynslu til starfans og hafi sinnt umræddu verki áður. Samkvæmt öllu framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess, eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð vegna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir